

Mál nr. 127/2021**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort skemmdir í vél bifreiðar eftir árekstur bætist úr kaskótryggingu.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 30.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 16.4.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 9. febrúar 2020 rakst vinstra framhorn bifreiðarinnar A, í eigu M, utan í aftanverða hægri hlið annarrar bifreiðar á nánar tilgreindu hringtorgi í Kópavogi. Eftir áreksturinn var A tekin til viðgerðar á bifreiðaverkstæði B þar sem hún mun hafa verið til viðgerðar í tvo og hálfan mánuð. Að viðgerð lokinni kveðst M hafa fengið þær upplýsingar að vélin hökti vegna þess að það vanti skynjara og hann þurfi því að leita til D, umboðsaðila A hér á landi. Hafi M farið með A á verkstæði D þar sem reynt hafi verið að greina hvað valdi höktinu eða hikstinu í vélinni. Í því sambandi hafi verið skipt um mótörpúða án þess að það hafi leyst vandann.

Á útskrift reiknings vegna athugunarinnar og viðgerðarinnar hjá D er m.a. skráð svofelld athugasemd: „Eftir samráð við réttingarverkstæðið og eiganda þá á slysstað þá var kælivökvi undir bílnum, og þegar réttingarverkstæði fær bílinn vantar á hann kælivökva ef bíll hefur eitthvað verið í gangi með engan kælivökva þá getur vél ofhitnað. Og þar skemmt vél.“

M hefur krafist bóta vegna þess tjóns sem varð á A við áreksturinn úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V, þ. á m. vegna skemmda á vél. V hefur fallist á bótaskyldu úr vátryggingunni að undanskildu tjóni á vél.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum V fyrir kaskótryggingu eru í 17 stafliðum (a-q) taldar upp þær tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til, þ. á m. tjón vegna áreksturs hins vátryggða ökutækis og annars ökutækis, svo sem bifreiðar eða bifhjóls, sbr. staflið a. Eins og tjón það sem hér um ræðir bar að geta aðrar tjónsorsakir sem taldar eru upp í umræddu skilmálaákvæði ekki tekið til tjóns á vélinni í A. Í reynd er það í höndum vátryggðs, M í þessu tilviki, að sýna fram á umfang tjóns af völdum tiltekins tjónsatburðar. Engar ytri skemmdir munu vera sjáanlegar á vélinni. Í ljósi þeirrar athugasemdar sem átrituð var á reikning D verður að telja allar líkur á að kælivökvi hafi lekið af kælikerfi A við áreksturinn án þess þó að skemmdir hafi orðið á sjálfri vélinni. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að skemmd í vél A hafi orðið við áreksturinn. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr kaskótryggingu A.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A, vegna skemmda í vél bifreiðarinnar.

Reykjavík, 11. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.